

Borgarstjórn Reykjavíkur  
27. febrúar 2024

## Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir því að tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi verði að minnsta kosti á klukkustundar fresti og að viðeigandi aðstaða sé á stoppistöðvum á akstursleiðinni.

### Greinargerð

Strætósamgöngur með a.m.k. einnar klukkustundar millibili eru að okkar mati lágmarkskröfur fyrir nothæfar almenningssamgöngur. Á Kjalarnesi eru allt að fjórar klukkustundir á milli strætóferða sem gerir það að verkum að oft eru ekki hentugar strætóferðir í boði. Annað sem er ábótavant er skortur á strætóskýlum og strætóstoppistöðvum á akstursleiðinni til og frá Kjalarnesi. Það er því ekki hjá því komist að einkabíllinn sé mikið á ferðinni með tilheyrandi mengun og umferðarálagi. Aukin tíðni og betri aðstaða myndi hvetja til notkunar á strætó, ýta verulega undir sjálfstæði ungmenna á svæðinu og möguleika þeirra til tólmstunda- og íþróttaiðkunar.